

**117. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
18. desember 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1904071 - Stuðningsþjónusta - ný deild**

Lagt er fram minnisblað vegna stöðu nokkurra þjónustubátta sem heyra undir stuðningsþjónustu. Staðan verður kynnt út frá því að ekki fékkst fjármagn til að auka þjónustuna eða til að mæta þeim umframkostnaði sem fyrirsjánlegur er strax í byrjun árs 2020.

Með minnisblaðinu fylgja þær greinargerðir sem sem unnar voru í tengslum við fjárhagsáætlun 2020.

*Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri heimabjónustu sat fundinn undir þessum lið og kynnti fjárhagslega stöðu í stuðnings- og stoðþjónustu fyrir árið 2020.*

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Laufeyju fyrir greinargóða kynningu.*

**2. 1912034 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2020**

Kynnt starfsáætlun Velferðar- og mannréttindasviðs fyrir árið 2020.

*Tillaga að starfsáætlun Velferðar- og mannréttindasviðs lögð fram.*

**3. 1912177 - Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**

Skipan í samráðshóp um málefndi fatlaðs fólks skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

*Samkvæmt breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal í hverju sveitarfélagi starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Proskahjálp hefur tilnefnt Borghildi Birgisdóttur, Öryrkjabandalagið hefur tilnefnt Böðvar Guðmundsson og Sjálfbjörg hefur tilnefnt Sólveigu Sigurðardóttur. Velferðar- og mannréttindaráð mælir með því við bæjarstjórn að tilnefna Kristínu Þóru Jóhannsdóttur, Sylvíu Kristinsdóttur og Halldór Jónsson sem fulltrúa bæjarstjórnar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

*Kristinn H. Sveinsson  
Einar Brandsson  
Hrefna Rún Ákadóttir.  
Sveinborg Kristjánsdóttir.*